



Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

00.80 PS, HP Garðabær 20. júlí 2021

*B.t. Berglindar Guðmundsdóttur*

*Varðar; breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Snókalönd við Bláfjallaveg.*

Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis barst erindi frá Berglindi Guðmundsdóttur arkitekt f.h. Skipulags Hafnarfjarðarbæjar 27. maí 2021. Í erindinu var óskað umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Hafnarfirði sem nær til 15 ha. skilgreinds svæðis, Snókalanda, við Bláfjallaveg. Svæðið verður nýtt sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF5).

Beðist er velvirðingar á að það fórst fyrir að svara erindinu.

Umrætt svæði er raskað hraun sem eftir breytingu á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 19. júní 2015 er utan vatnsverndarverndarsvæða. Fram kemur að nýting svæðisins verður skilgreind frekar í væntanlegu deiliskipulagi svæðisins.

Heilbrigðisnefnd gerir engar athugasemdir við áformaða breytingu á aðalskipulagi.

Sú starfsemi sem þar er nú er með tímabundið starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem verður endurskoðað með rekstraraðila þegar vinna við deiliskipulag svæðisins er að baki.

Vakin er athygli á að ef rekstraraðilar hyggjast bora eftir vatni verða þeir að óska eftir starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna þeirrar aðgerðar. Vatn sem tekið yrði úr holu af svæðinu er ekki neysluvatn en gæti nýst til annarra nota.

F.h. heilbrigðiseftirlitsins,

Páll Stefánsson  
deildarstjóri